

Eftirfylgni: Stofnanir sem þjóna einstaklingum með skerta færni

Niðurstaða

Ríkisendurskoðun ítrekar ekki ábendingu sína frá 2013 um að velferðarráðuneyti meti ávinning af flutningi nokkurra stofnana sem þjóna einstaklingum með skerta færni í sameiginlegt húsnæði. Unnið er að þarfagreiningu vegna þessa. Þá ítrekar stofnunin ekki ábendingu til mennta- og menningarmálaráðuneytis um að það taki þátt í að kanna kosti þess að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra flytji í sama húsnæði. Viðræður eru í gangi um að fella hana undir Háskóla Íslands.

Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2013

Í skýrslunni [Stofnanir sem þjóna einstaklingum með skerta færni](#) (apríl 2013) kannaði Ríkisendurskoðun hvort aukin samvinna stofnana sem þjóna einstaklingum sem þarfnast sérhæfðar greiningar eða þjónustu gæti leitt til aukinnar hagkvæmni og skilvirkni í rekstri og betri þjónustu við notendur. Þessar stofnanir voru: Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, Heyrnar- og talmeina- stöð Íslands, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnar- skertra, Hljóðbókasafn Íslands og TMF Tölvumiðstöð.

Fram kom að þótt allar stofnanirnar veittu sérhæfða þjónustu sköruðust störf þeirra. Algengt var að einstaklingar væru greindir með fjölþætta fötlun og því líklegt að þeir þyrftu að leita til fleiri en einnar stofnunar eftir þjónustu. Með því að flytja stofnanirnar í sameiginlegt húsnæði mætti samþætta þjónustuna og auðvelda aðgengi notenda að þeim. Slíkt væri í samræmi við stefnu stjórnvalda um að einfalda ríkisrekstur og auka skilvirkni hans.

Ríkisendurskoðun benti á að engin þessara stofnana væri í eigin húsnæði eða með langtíma leigusamning. Þá væri húsnæði Greiningar- og ráðgjafarstöðvar og Heyrnar- og talmeina- stöðvar of lítið fyrir þjónustu þeirra og húsakostur þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar ófullnægjandi. Brýnt væri að bregðast við þessu og nýta um leið tækifærið til að skapa skilyrði fyrir meiri samvinnu.

Í skýrslunni kom fram að stofnanirnar væru að mestu fjármagnaðar úr ríkissjóði og að samanlagðar fjárveitingar til þeirra hefðu numið um 1 ma.kr. árið 2012. Einungis Heyrnar- og talmeina- stöð hefði verið rekin innan fjárveitinga en hinar með halla sem nam alls 56 m.kr. Gjöld þriggja hefðu auk þess verið meira en 4% umfram fjárheimild ársins sem fór í bága við reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta.

Bent var á að kostnaður vegna húsnæðis, síma og tölvureksturs hefði verið stór útgjaldaliður hjá stofnununum. Draga mætti úr slíkum kostnaði með samstarfi og samnýtingu í sameiginlegu húsnæði. Hlutfall starfsmanna í stoðdeildum væri auk þess hátt og hluti þeirra ynni sambærileg störf. Þá gæti aukin samvinna og nálægð skapað betri aðstæður til rannsókna- og þróunarstarfs, styrkt faglega þróun og leitt til markvissari lausna fyrir notendur.

Ríkisendurskoðun taldi að faglegur og fjárhagslegur ávinningur gæti hlotist af flutningi fjögurra til fimm þessara stofnana í sameiginlegt húsnæði. Þá taldi stofnunin æskilegt að velferðarráðuneyti kannaði kosti þess að sameina a.m.k. tvær þeirra að fullu. Rétt væri þó að undanskilja Hljóðbókasafnið frá flutningi en kanna sérstaklega ávinning af flutningi TMF Tölvumiðstöðvar í sameiginlegt húsnæði.

Ríkisendurskoðun óskaði eftir viðhorfi mennta- og menningarmálaráðuneytis til þess að Samskiptamiðstöðin samnýtti húsnæði með stofnunum velferðarráðuneytis. Ráðuneytið vísaði til sérstöðu miðstöðvarinnar og málsamfélags þeirra sem notuðu tákna- en taldi ýmsa kosti felast í auknu samstarfi þessara stofnana. Notendur fengu t.d. líklega betri og öruggari þjónustu.

Ábendingar 2013

Í skýrslunni árið 2013 hvatti Ríkisendurskoðun velferðarráðuneyti til að greina og meta faglegan og fjárhagslegan ávinning af flutningi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar, Heyrnar- og talmeina- stöðvar og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar í sameiginlegt húsnæði og kanna kosti þess að TMF Tölvumiðstöð flyttist með þeim. Þá var það hvatt til

að leita samstarfs við mennta- og menningarmálaráðuneyti um að Samskiptamiðstöðin tæki þátt í þessari þróun. Í viðbrögðum ráðuneytisins árið 2013 kvaðst það ætla að fara að tillögum Ríkisendurskoðunar og kanna einnig kosti þess og möguleika á að sameina tvær eða fleiri stofnanir.

Ríkisendurskoðun beindi þeirri ábendingu til mennta- og menningarmálaráðuneytis að það tæki virkan þátt í að kanna kosti þess að Samskiptamiðstöðin flytti í sameiginlegt húsnæði með stofnunum velferðarráðuneytis. Í viðbrögðum ráðuneytisins árið 2013 kvaðst það mundu taka þátt í slíku starfi yrði þess óskað. Það teldi þó mikilvægt að ráðuneytið hefði áfram umsjón og eftirlit með miðstöðinni vegna tengingarinnar við tungumálið. Gæta yrði hagsmuna þeirra sem hefðu táknað að móðurmáli og líta til sérþekkingar starfsfólks miðstöðvarinnar þegar kæmi að þverfaglegri samvinnu um þá einstaklinga.

Í [áliti](#) stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 5. desember 2013 kom fram að nefndin taldi jákvætt að leitað væri leiða til að hagræða í ríkisrekstri og bæta þjónustu. Hún taldi þó mikilvægt að tillögur Ríkisendurskoðunar yrðu metnar vandlega áður en til ákvarðana kæmi. Huga þyrfti sérstaklega að þeirri þjónustu sem um ræddi og notendum hennar. Varast bæri að líta á þá sem einsleitan hóp og mikilvægt að virða sérstöðu hvers hóps. Þá yrði að tryggja stuðning hagsmunasamtaka þeirra við breytingarnar. Við mat á ávinningi af sameiningum eða flutningi í sameiginlegt húsnæði þyrfti að hafa fagleg sjónarmið og þjónustu við einstaklinga að leiðarljósi.

Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2016

Í svari velferðarráðuneytis árið 2016 við því hvort og þá hvernig hefði verið brugðist við ábendingunni sagði að ráðherra hefði skipað verkefnisstjórn til undirbúnings sameiningar fyrrnefndra stofnana. Hún hefði skilað fýsileikaskýrslu í mars 2014 og í kjölfarið hefði verið unnið frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu. Það hefði verið lagt fyrir Alþingi í október 2014 en ekki verið útrætt þar sem skiptar skoðanir hefðu verið um sameiningu stofnananna í umsagnarferli. Óvíst væri hvort það yrði lagt fram aftur en áfram stæði til að finna stofnununum sameiginlegt húsnæði í samvinnu við Framkvæmdasýslu ríkisins.

Í mars 2016 óskaði Ríkisendurskoðun eftir upplýsingum frá velferðarráðuneyti um stöðu mála og mati þess á fjárhagslegum ávinningi af flutningi í sameiginleg húsnæði. Í svari

ráðuneytisins kom fram að Framkvæmdasýslan ynni að þarfagreiningu fyrir sameiginlegt húsnæði stofnananna en ekki sameiningu líkt og fyrr. Fjárhagslegur ávinningur lægi ekki fyrir en sparnaður fælist í lægri rekstrargjöldum vegna samnýtingar stoðþjónustu og húsnæðis. Tímasetningar flutninganna yrðu hins vegar ekki ljósar fyrr en niðurstaða um nýtt húsnæði lægi fyrir.

Ríkisendurskoðun telur málið vera í ásættanlegum farvegi og ítrekar því ekki ábendingu sína. Stofnunin hvetur þó velferðarráðuneyti til að vanda vel til verka þegar að flutningum kemur og fylgja aðferðum verkefna- og breytingastjórnunar.

Í svari mennta- og menningarmálaráðuneytis við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2016 kom fram að fulltrúi þess hefði tekið þátt í vinnu verkefnisstjórnar velferðarráðuneytis sem tengiliður við Samskiptamiðstöðina. Skýrsla hennar hefði þó ekki tekið til starfsemi miðstöðvarinnar þar sem mennta- og menningarmálaráðuneyti hefði þá þegar verið að kanna fýsileika þess að sameina hana Háskóla Íslands. Niðurstaða þeirrar vinnu hefði verið að gera miðstöðina að stofnun undir Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Ráðuneytið ætti því í viðræðum við Háskólann um mögulega yfirtöku á miðstöðinni og gerð samnings um kaup á táknaðsþjónustu. Niðurstöðu þeirra megi vænta með vorinu. Ríkisendurskoðun ítrekar ekki ábendinguna.

Um úttektina

Í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um stjórnarsýsluendurskoðun (ISSAI 300 og ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun úttektarskýrslum sínum jafnan eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum þeirra. Slík eftirfylgni fer fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslna og leggur stofnunin þar megináherslu á að kanna hvort þeir anmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi.

Velferðarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti fengu drög að þessari eftirfylgniskýrslu til umsagnar og þakkar stofnunin þeim fyrir aðstoð og upplýsingar við gerð hennar.